

Framkvæmd fjárlaga janúar til september 1997



RÍKISENDURSKOÐUN
Nóvember 1997

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
LÁNSFJÁRÞÖRF RÍKISSJÓÐS	5
AFKOMA RÍKISSJÓÐS	6
FRUMVARP TIL FJÁRAUKALAGA 1997	8
GREIÐSLUSTAÐA RÍKISSJÓÐS	9
AFKOMA AF REKSTRI.....	13
TEKJUR RÍKISSJÓÐS	15
SAMANBURÐUR VIÐ ÁRIÐ 1996	17
GJÖLD RÍKISSJÓÐS.....	21
SAMANBURÐUR VIÐ FYRRA ÁR.....	40
FRAMKVÆMD LÁNSFJÁRLAGA	45
FRUMVARP TIL FJÁRAUKALAGA	47

Helstu niðurstöður

Lánsfjárförf ríkissjóðs

- Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs nam 34,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Skiptist hún þannig að afborganir af lánum ríkissjóðs námu um 16,7 milljörðum króna, rekstrarhalli nam 6,3 milljörðum og endurlán um 7,6 milljörðum. Þá námu hlutafjár- og stofnfjárframlög 60 milljónum króna. Staða á viðskiptareikningum ríkissjóðs var neikvæð um 4,1 milljarð króna í lok september.
- Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins var gert ráð fyrir að heildarlánsfjárförf ríkissjóðs næmi um 29,9 milljörðum króna. Lánsfjárförfin var því um 4,8 milljörðum króna meiri en áætlað var. Frávikið á fyrst og fremst rætur að rekja til sérstakrar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs að fjárhæð 7,0 milljarðar króna. Á móti því vegur bætt afkoma ríkissjóðs vegna tekna umfram áætlanir. Þá var var staða á viðskiptareikningum ríkissjóðs um 1,8 milljörðum króna verri en áætlun sagði til um.
- Heildarlánsfjárförf var 20,3 milljörðum króna minni á fyrstu mánuðum ársins 1997 en á sama tímabili í fyrra. Um 10,3 milljarða króna af framangreindri fjárhæð má rekja til áhrifa af sérstökum innlausnum spariskírteina á árunum 1996 og 1997. Þá voru afborganir af teknum lánum, án innlausnar, um 6,3 milljörðum króna minni en á sama tímabili 1996, staða á viðskiptareikningum batnaði um 246 milljónir króna og hluta- og stofnfjárframlög voru um 146 milljónum króna minni. Á hinn bóginn jukust veitt lán um 1,3 milljarða króna. Það frávík sem eftir stendur má alfarið rekja til aukinna ríkissjóðstekna á þessu ári m.v. sama tíma 1996.
- Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1997 er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilt að taka að láni allt að 12,5 milljarða króna. Í lok september hafði ríkissjóður tekið að láni um 29,0 milljarða króna

eða um 16,5 milljörðum króna meira en lánsfjárlög kveða á um fyrir allt árið. Um 7,0 milljarður króna af framangreindri fjárhæð er þó í reynd skuldbreyting. Að teknu tilliti til þessa voru lántökur á fyrstu níu mánuðum ársins um 9,5 milljörðum króna umfram það sem lánsfjárlög heimila fyrir allt árið.

Afkoma ríkissjóðs

- Gjöld ríkissjóðs námu alls um 98,7 milljörðum króna á tímabilinu janúar - september 1997 samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi. Tekjur ríkissjóðs námu 92,4 milljörðum króna á sama tíma. Þannig var rekstrarhalli ríkissjóðs um 6,3 milljarðar króna á greiðslugrunni fyrstu níu mánuði ársins.
- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs við greiðsluáætlanir skv. yfirliti frá ríkisbókhaldi í septemberlok sýnir að:
 - Í greiðsluáætlunum var gert ráð fyrir að gjöld næmu alls um 95,4 milljörðum króna í lok september 1997. Gjöld voru þannig 3,2 milljörðum króna hærrí en áætlað var eða 3,4%. Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 88,7 milljarðar króna. Niðurstaðan var hins vegar um 92,4 milljarðar eða um 3,7 milljörðum hærrí. Nemur frávikið 4,1% hlutfallslega. Afkoma ríkissjóðs var þannig um 500 milljónum króna betri en ráðgert var.
 - Frávik gjalda frá áætlun skýrist einkum af sérstakri innlausn spariskírteina sem jók vaxtagjöld um 3,5 milljarða króna umfram það sem áætlað var. Ef áhrif þessa eru undanskilin eru gjöld ríkissjóðs um 300 milljónum króna lægri en áætlun sagði til um.
 - Frávik tekna frá áætlun eiga sér fyrst og fremst rætur í meiri atvinnutekjum og innflutningi en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þannig var tekjuskattur einstaklinga um 616 milljónum króna meiri en áætlun sagði til um eða sem nemur 5,7% og innflutnings- og vörugjöld voru um 859 milljónum króna yfir áætlun eða sem nemur 8,1%. Þá má nefna að tekjur af tryggingagjaldi fóru 572 milljónir króna fram úr áætlun og virðisaukaskattur um 562 milljónum króna eða 1,7%. Að lokum voru arðgreiðslur um 751 milljón króna meiri en ráðgert var og má rekja það til breytingar á rekstrarformi Íslenskra aðalverktaka, en því var breytt í hlutafélag.

- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrst níu mánuðina 1997 m.v. sama tímabil 1996 sýnir að:
 - Ef undanskilin eru áhrif af sérstökum innlausnum spariskírteina ásamt flutningi á rekstri grunnskólans hafa gjöld hækkað um rúma 1,2 milljarða króna að raungildi eða sem nemur 1,2%. Tekjur hafa á hinn bóginn aukist um 5,0 milljarða króna eða 5,4%. Þannig batnaði afkoma ríkissjóðs um 3,8 milljarða króna á föstu verðlagi milli áráanna 1996 og 1997. Bætta afkomu ríkissjóðs má því alfarið rekja til aukinna tekna.
 - Launaútgjöld jukust óverulega milli ára á föstu verðlagi þegar tekið er tillit til áhrifa af flutningi á rekstri grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga. Önnur rekstrargjöld jukust um 279 milljónir króna eða 1,2%. Tilfærslur lækkuðu um 490 milljónir króna eða 2,8% milli ára og munar þar mestu um að greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu lækkuðu um 600 milljónir króna að raungildi. Útgjöld almannatryggingakerfisins drógust saman um 709 milljónir króna eða 3,1% og skýrist sú lækkun af breyttri greiðslutilhögun á endurgreiðslum til sjúkrahúsa vegna rannsóknarkostnaðar o.fl. Að lokum lækkuðu vaxtagjöld um 1,4 milljarða króna að raungildi án áhrifa af innlausnum spariskírteina á árunum 1996 og 1997.
 - Beinir skattar jukust um 1,8 milljarða króna eða 8,6% á föstu verðlagi að teknu tilliti til tekjuáhrifa af flutningi grunnskólans. Óbeinir skattar jukust um tæpan 3,1 milljarð króna eða 4,7%. Af einstökum liðum beinna skatta jukust tekjur af virðisaukaskatti um 2,4 milljarða króna eða 7,7%. Tekjur af af tryggingagjaldi jukust um 449 milljónir króna eða 4,2% og tekjur af bifreiðasköttum um 358 milljónir eða 9,6%. Á hinn bóginn voru skattar af einkasöluvörum 422 milljónum króna eða 7,5% minni að raungildi á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra, en á árinu 1996 voru greiddar um 438 milljónir króna vegna skila á tekjum ársins 1995. Að lokum lækkuðu fjármunatekjur lítilla milli ára að raungildi og ýmsar aðrar tekjur jukust um 217 milljónir króna.

Frumvarp til fjárukalaga 1997

- Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 1997 gerir ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs aukist á árinu um 4,7 milljarða króna. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að veita fjármálaráðherra gjaldaheimildir til viðbótar við fjárlög 1997 að fjárhæð 6,9 milljarðar króna. Þannig er reiknað með að ef allar gjaldaheimildir fjárlaga og frumvarps til fjárukalaga 1997 yrðu nýttar myndi tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verða 2,2 milljarðar króna. Fjármálaráðherra gerir hins vegar ráð fyrir að 1,1 milljarður króna af gjaldaheimildum í árslok 1997 verði ekki nýttur í ár heldur fluttur til næsta árs eða felldur niður og er það lækkun frá fyrra ári um 800 milljónir króna. Að þessu gefnu er samkvæmt fjárukalagafrumvarpinu gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 1,1 milljarður króna sem er 1,2 milljörðum króna verri afkoma en fjárlög ársins 1997 gerðu ráð fyrir.
- Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til júní 1997 sem var birt í júlímánuði sl. voru afkomuhorfur ríkissjóðs í árslok 1997 metnar. Í þeirri skýrslu var gert ráð fyrir að lánsfjárförf ríkissjóðs yrði um 19,5 milljarðar króna en nú gerir fjármálaráðherra ráð fyrir að hún nemi 21,8 milljörðum króna. Frávikin milli áætlunar skýrist einkum af því að fjárukalagafrumvarpið gerir ráð fyrir veittu láni til Húsnæðisstofnunar ríkisins að fjárhæð 3,5 milljarðar króna og að tekjuhallinn verði rúmlega 1,0 milljarði króna minni en áætlun Ríkisendurskoðunar frá því í júlímánuði sl. gerði ráð fyrir.

Greiðslustaða ríkissjóðs

Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs nam 34,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Skiptist hún þannig að afborganir af lánum ríkissjóðs námu um 16,7 milljörðum króna, rekstrarhalli nam 6,3 milljörðum og endurlán um 7,6 milljörðum. Þá námu hlutafjár- og stofnfjárframlög 60 milljónum króna. Að lokum var staða á viðskiptareikningum ríkissjóðs neikvæð um 4,1 milljarð króna í lok september.

Á móti lánsfjárförfinni komu innheimtar afborganir af veittum lánum, alls að upphæð 7,0 milljarðar króna. Innlend lántaka nam alls um 27,4 milljörðum króna og 1,7 milljarðar voru teknir að láni erlendis. Hluttur innlands lánsfjár var því um 94% og hluttur erlendra lána um 6%.

Tafla 1 Lánsfjárförf ríkissjóðs

	Útkoma 1997	Áætlun 1997	Útkoma 1996	Breyt. 97-96
Lánsfjárförf (brúttó)	34.690	29.878	55.018	(20.328)
-Afborganir veittra lána	7.041	7.096	6.751	290
	27.649	22.782	48.267	(20.618)
-Afborganir tekinna lána	16.672	13.229	26.602	(9.930)
Hrein lánsfjárförf	10.977	9.553	21.665	(10.688)

Hrein lánsfjárförf, þ.e. brúttó lánsfjárförf að frádregnum afborgunum vegna veittra og tekinna lána ríkissjóðs nettó, nam alls tæpum 11,0 milljörðum króna eins og fram kemur í ofangreindri töflu.

Samanburður við áætlanir

Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins, sem grundvallast á fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir árið 1997, var gert ráð fyrir að heildarlánsfjárförf ríkissjóðs næmi um 29,9 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Niðurstaðan var sem áður segir um 34,7 milljarðar eða um 4,8 milljörðum

meiri fjárþörf. Frávikið á fyrst og fremst rætur að rekja til sérstakrar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs sem fjármálaráðherra tók ákvörðun um á þessu ári og ekki hafði verið gert ráð fyrir. Fjárhæð þessarar innlausnar nam um 7,0 milljörðum króna og skiptist hún nokkurn veginn jafnt í vexti og afborganir. Á móti því vegur bætt afkoma ríkissjóðs vegna aukinna tekna umfram áætlun. Þá var staða á viðskiptareikningum um 1,8 milljörðum króna verri en áætlun sagði til um og skýrist það aðallega af óuppgerðum víxlum sem gengið var frá í októbermánuði.

Tafla 2 Fjárstreymi ríkissjóðs janúar til september

	Reikn. 1997	Áætlun 1997	Frávik	Reikn. 1996	Frávik 97-96
Uppruni:					
Lántökur					
Spariskírteini	17.640	7.892	9.748	17.829	(189)
Ríkisbréf	1.951	1.722	229	4.908	(2.957)
Ríkisvixlar, nettó	7.763	5.763	2.000	6.854	909
Önnur innlend fjáröflun	2	0	2	187	(185)
Erlendar lántökur	1.678	5.861	(4.183)	19.239	(17.561)
Lántökur alls	29.034	21.238	7.796	49.017	(19.983)
Afborganir veittra lána	7.041	7.096	(55)	6.751	290
Uppruni alls	36.075	28.334	7.741	55.768	(19.693)
Ráðstöfun:					
Til rekstrar skv. yfirliti	6.258	6.769	(511)	17.579	(11.321)
Afborganir tekinna lána	16.672	13.229	3.443	26.602	(9.930)
Veitt lán	7.567	7.333	234	6.252	1.315
Hlutfjárfr. og stofnfé	60	193	(133)	206	(146)
Viðskiptareikn (neikv.)	4.133	2.354	1.779	4.379	(246)
Ráðstöfun alls	34.690	29.878	4.812	55.018	(20.328)
Breyting á handbæru fé	1.385	(1.544)	2.929	750	635

Samanburður við árið 1996

Eins og sjá má í ofangreindri töflu er brúttó fjárþörf 20,3 milljörðum króna minni á fyrstu mánuðum ársins 1997 m.v. sama tíma í fyrra. Um 10,3 milljarða króna af framangreindri fjárhæð má rekja til áhrifa af sérstökum innlausnum spariskírteina á árunum 1996 og 1997. Þá voru afborganir af teknum lánum, án innlausnar, um 6,3 milljörðum króna minni en á sama tímabili 1996, staða á viðskiptareikningum batnaði um 246 milljónir króna og hluta- og stofnfjárframlög voru um 146 milljónum króna minni. Á hinn bóginn jukust veitt lán um 1,3 milljarða króna. Það

frávik sem eftir stendur má alfarið rekja til aukinna ríkissjóðstekna á þessu ári.

Lántökur minnkuðu alls um tæpa 20,0 milljarða króna, eða úr 49,0 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðunum 1996 í 29,0 milljarða á sama tíma þessa árs.

Afkoma af rekstri

Gjöld ríkissjóðs námu alls um 98,7 milljörðum króna á tímabilinu janúar - september 1997 samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi. Tekjur ríkissjóðs námu 92,4 milljörðum króna á sama tíma. Þannig var rekstrarhalli ríkissjóðs um 6,3 milljarðar króna á greiðslugrunni fyrstu níu mánuði ársins.

Í greiðsluáætlunum var gert ráð fyrir að gjöld næmu alls um 95,4 milljörðum króna í lok september 1997. Gjöld voru þannig 3,2 milljörðum króna hærrí en áætlað var eða sem nemur 3,4%. Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 88,7 milljarðar króna. Niðurstaðan var hins vegar um 92,4 milljarðar eða um 3,7 milljörðum hærrí. Nemur frávikið 4,1% hlutfallslega. Afkoma ríkissjóðs var þannig um 500 milljónum króna betri en ráðgert var.

Tafla 3 Afkoma ríkissjóðs janúar til september

	Útkoma 1997	Útkoma 1996	Breyt.	%	Framr. 1996	Raun- breyt.	%
Tekjur	92.388	90.844	1.544	1,7	92.198	190	0,2
Gjöld	98.651	108.425	(9.774)	(9,0)	111.176	(12.525)	(11,3)
Gjöld umfram tekjur	(6.263)	(17.581)	11.318	(64,4)	(18.978)	12.715	(67,0)

Ef litið er til fyrstu níu mánaða árána 1996 og 1997 kemur í ljós að gjöld ríkissjóðs hafa lækkað um 12,5 milljarða króna eða 11,3% að raungildi milli ára. Tekjur hafa því sem næst staðið í stað. Samkvæmt því batnaði afkoma ríkissjóðs um 12,7 milljarða króna milli ára á föstu verðlagi.

Ef hins vegar eru undanskilin áhrif af sérstökum innlausnum spariskírteina ásamt flutningi á rekstri grunnskólans hafa gjöld hækkað um rúma 1,2 milljarða króna að raungildi eða sem nemur 1,2%. Tekjur hafa að sama skapi aukist eða um 5,0 milljarða króna. Nemur frávik tekna 5,4%. Þannig batnaði afkoma ríkissjóðs um 3,8 milljarða króna á föstu verðlagi milli árána 1996 og 1997. Það frávik má alfarið rekja til aukinna tekna eins og fram hefur komið.

Tekjur ríkissjóðs

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu alls 92,4 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum þessa árs og voru um 3,7 milljörðum króna meiri en áætlanir fyrir sama tímabil gerðu ráð fyrir. Á árinu 1996 voru tekjur um 5,1 milljarði króna yfir áætlun fyrir sama tímabil.

Tafla 4 Tekjur ríkissjóðs janúar - september í samanburði við áætlun

	Útkoma	Áætlun	Frávik	%
Tekjuskattur einstaklinga	11.516	10.900	616	5,7
Tekjuskattur lögaðila	3.048	3.041	7	0,2
Eignarskattar einstaklinga	1.498	1.479	19	1,3
Eignarskattar lögaðila	1.165	1.067	98	9,2
Beinir skattar	17.227	16.487	740	4,5
Innflutnings og vörugjöld	11.440	10.581	859	8,1
Virðisaukaskattur	33.961	33.399	562	1,7
Skattar af einkasöluvörum	5.188	5.282	(94)	(1,8)
Bifreiðaskattar	4.100	3.695	405	11,0
Þinglýsingar- og stimpilgjöld	1.997	1.897	100	5,3
Tryggingagjald	11.076	10.504	572	5,4
Aðrir óbeinir skattar	1.075	1.144	(69)	(6,0)
Óbeinir skattar	68.837	66.502	2.335	3,5
Dráttarvaxtatekjur af ríkissjóðstekjum	906	967	(61)	(6,3)
Vextir af langtímalánum o.fl.	2.738	3.028	(290)	(9,6)
Arðgreiðslur	2.041	1.290	751	58,2
Fjármunatekjur alls	5.685	5.285	400	7,6
Sala eigna	433	210	223	106,2
Ýmsar tekjur	206	195	11	5,6
Aðrar tekjur	639	405	234	57,8
Tekjur samtals	92.388	88.679	3.709	4,2

Af einstökum liðum voru beinir skattar um 740 milljónum króna meiri en áætlað var og kemur það frávik fyrst og fremst fram í tekjusköttum einstaklinga. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að almennar tekjubreytingar á mælikvarða ráðstöfunartekna yrðu svipaðar og í helstu

samkeppnislöndum á þessu ári eða um 3,5%. Nú stefnir hins vegar í að þær verði um og yfir 7,0%.

Óbeinir skattar fóru rúma 2,3 milljarða króna fram úr áætlun. Af einstökum liðum var mest frávik í innflutnings- og vörugjöldum, en þau urðu um 859 milljónum króna hærrí en ráðgert var. Að langstærstum hluta má rekja það til vörugjalda af ökutækjum. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1997 áætlað fjármálaráðuneytið að innflutningur bifreiða aukist um 20% frá fyrra ári, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir rúmlega 10% aukningu.

Tekjur af tryggingagjaldi voru 572 milljónum króna meiri en tekjuáætlun sagði til um. Þessar tekjur haldast í hendur við auknar launatekjur sbr. umfjöllun um tekjuskatt einstaklinga hér að framan.

Tekjur af virðisaukaskatti fóru um 562 milljónir króna fram úr áætlun. Af einstökum liðum var virðisaukaskattur af innfluttum vörum 537 milljónir króna yfir áætlun. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að innflutningur vöru og þjónustu ykist um 5,7% á þessu ári. Nú stefnir hins vegar í að aukningin verði um 9,6%. Þá var virðisaukaskattur af innlendri veltu um 642 milljónir króna yfir áætlun. Á hinn bóginn jukust endurgreiðslur virðisaukaskatts um 615 milljónir króna umfram það sem áætlað var m.a. vegna aukinna umsvifa í byggingariðnaði o.fl.

Þá má nefna að bifreiðaskattar voru um 405 milljónum króna meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Af þeirri fjárhæð skýrir þungaskattur um 282 milljónir króna, m.a. vegna betri innheimtu en ráðgert var, og bifreiðagjald um 123 milljónir.

Fjármunatekjur voru í heild um 400 milljónum króna yfir áætlun. Af einstökum liðum jukust arðgreiðslur um 751 milljón króna, en meginskýringin á því felst í arðgreiðslu til ríkissjóðs að fjárhæð 811 milljónir króna vegna breytinga á rekstrarformi Íslenskra aðalverktaka, en fyrirtækinu var breytt í hlutafélag. Á hinn bóginn voru vextir af langtímalánum o.fl. um 290 milljónum króna undir áætlun og dráttarvextir af ríkissjóðstekjum voru 61 milljón króna undir áætlun.

Að lokum voru ýmsar aðrar tekjur um 234 milljónum króna meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Samanburður við árið 1996

Tekjur ríkissjóðs námu sem fyrr segir 92,4 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Tekjur á sama tímabili 1996 námu 90,8 milljörðum króna og höfðu þær aukist um 1,5 milljarða eða 1,7% milli ára. Að raungildi stóðu tekjur því sem næst í stað milli ára.

Tafla 5 Tekjur ríkissjóðs janúar - september í samanburði við fyrra ár

	Útkoma 1997	Útkoma 1996	Breyt.	%
Tekjuskattur einstaklinga	11.516	14.146	(2.630)	(18,6)
Tekjuskattur lögaðila	3.048	2.807	241	8,6
Eignarskattar einstaklinga	1.498	1.524	(26)	(1,8)
Eignarskattar lögaðila	1.165	1.054	111	10,5
Beinir skattar	17.227	19.531	(2.304)	(11,8)
Innflutnings og vörugjöld	11.440	11.428	12	0,1
Virðisaukaskattur	33.961	31.574	2.387	7,6
Skattar af einkasöluvörum	5.188	5.513	(325)	(5,9)
Bifreiðaskattar	4.100	3.677	423	11,5
Þinglýsingar- og stimpilgjöld	1.997	1.793	204	11,4
Tryggingagjald	11.076	10.156	920	9,1
Aðrir óbeinir skattar	1.075	1.121	(46)	(4,1)
Óbeinir skattar	68.837	65.262	3.575	5,5
Dráttarvaxtatekjur af ríkissjtekj.	906	820	86	10,5
Vextir af langtímalánum o.fl.	2.738	3.299	(561)	(17,0)
Arðgreiðslur	2.041	1.517	524	34,5
Fjármunatekjur alls	5.685	5.636	49	0,9
Sala eigna	433	227	206	90,7
Ýmsar tekjur	206	188	18	9,6
Aðrar tekjur	639	415	224	54,0
Tekjur samtals	92.388	90.844	1.544	1,7

Tekjur af beinum sköttum lækkuðu um 2,6 milljarða króna eða 18,6% milli ára. Eins og sjá má í töflunni kemur lækkunin að langstærstum hluta fram í tekjuskatti einstaklinga. Í kjölfar flutnings á rekstri grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaganna voru 2,74% af tekjuskatti einstaklinga færður yfir í útsvar. Ef áhrif þessa eru undanskilin má gera ráð fyrir að innheimtur tekjuskattur einstaklinga milli tímabilsins janúar til september 1996 og 1997 hafi aukist um allt að 2,2 milljarða króna. Skýringanna á þessu er fyrst og fremst að leita í auknum launatekjum á þessu ári.

Tekjur af óbeinum sköttum jukust um tæpa 3,6 milljarða króna eða 5,5% hlutfallslega. Af einstökum liðum var mest aukning í virðisaukaskatti, en tekjur af honum voru um 2,4 milljörðum króna eða 7,6% meiri en á fyrstu níu mánuðum ársins 1996. Virðisaukaskattur af innflutningi jókst um tæpa 1,7 milljarða króna eða 7,3% milli ára. Eins og áður hefur komið fram er áætlað að innflutningur vöru og þjónustu aukist um 9,6% á þessu ári. Virðisaukaskattur af innlendri veltu jókst um 484 milljónir króna. Þá lækkuðu endurgreiðslur virðisaukaskatts um 231 milljón króna.

Tekjur af tryggingagjaldi jukust um 920 milljónir króna eða 9,1%. Að stærstum hluta er hér um að ræða áhrif af auknum launatekjum.

Bifreiðaskattar jukust um 423 milljónir króna eða sem nemur 11,5%. Skiptist sú aukning þannig að um 280 milljónir króna eru vegna þungaskatts og um 143 milljónir vegna bifreiðagjalds.

Þá ber að nefna að skattar af einkasöluvörum lækkuðu um 325 milljónir króna milli árshelminga. Kemur sú lækkun að stærstum hluta fram í einkasöluhagnaði ÁTVR, en á árinu 1996 voru greiddar um 438 milljónir króna vegna skila á tekjum ársins 1995.

Fjármunatekjur voru nær óbreyttar í heild sinni milli ára. Vextir af langtímalánum o.fl. lækkuðu um 561 milljón króna, en á móti kom aukning arðgreiðslna upp á 524 milljónir króna. Hvað fyrri liðinn varðar má nefna að á árinu 1996 fór fram sérstakt uppgjör við Landsvirkjun sem jók vaxtatekjurnar þá um liðlega 300 milljónir króna. Hækkun arðgreiðslna skýrist fyrst og fremst af breytingu Íslenskra aðalverktaka í hlutafélag á þessu ári sem jók arðgreiðslurnar um 811 milljónir króna. Á hinn bóginn lækkaði m.a. hluti ríkissjóðs í hagnaði Seðlabanka Íslands um 383 milljónir króna vegna lakari afkomu bankans á árinu 1996.

Að lokum jukust ýmsar aðrar tekjur ríkissjóðs um 224 milljónir króna. Hér er m.a. um að ræða sölu á hluta úr landi Vífilsstaða og á sendiherrabústaðnum í París.

Ríkissjóðstekjur voru því sem næst óbreyttar að raungildi milli tímabilanna janúar – september 1996 og 1997 eins og áður hefur komið fram.

Tafla 6 Tekjur ríkissjóðs á föstu verðlagi

	Útkoma 1997	Framreikn. 1996	Frávik	%
Beinir skattar	17.227	20.268	(3.041)	(15,0)
Óbeinir skattar	68.837	65.772	3.065	4,7
Fjármunatekjur	5.685	5.735	(50)	(0,9)
Aðrar tekjur	639	422	217	51,3
Tekjur samtals	92.388	92.198	190	0,2

Beinir skattar lækkuðu um rétt rúma 3,0 milljarða króna eða 15,0%. Ef leiðrétt er fyrir breytingum á skatttekjum ríkissjóðs vegna flutnings á rekstri grunnskólans yfir til sveitarfélaganna hafa tekjur af beinum sköttum aukist um 1,8 milljarða króna eða sem nemur 8,6%.

Óbeinir skattar jukust um tæpan 3,1 milljarð króna eða 4,7% á föstu verðlagi. Af einstökum liðum jukust tekjur af virðisaukaskatti um 2,4 milljarða króna eða 7,7%. Tekjur af af tryggingagjaldi jukust um 449 milljónir króna eða 4,2% og tekjur af bifreiðasköttum um 358 milljónir eða 9,6%. Á hinn bóginn voru skattar af einkasöluvörum 422 milljónum króna eða 7,5% minni að raungildi á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra.

Að lokum lækkuðu fjármunatekjur lítillega milli ára að raungildi og ýmsar aðrar tekjur jukust um 217 milljónir króna.

Gjöld ríkissjóðs

Útgjöld stofnana í A-hluta námu alls 98,7 milljörðum króna fyrstu níu mánuði ársins. Áætlun fyrir sama tímabil gerði ráð fyrir 95,4 milljarða króna gjöldum og nemur fráviknið 3,2 milljörðum króna eða 3,3%. Á sama tímabili 1996 voru gjöld tæpum 11,5 milljörðum króna umfram áætlun.

Tafla 7 Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við áætlun


	Greitt 1997	Heimild 1997	Frávik	%	Umfram greitt	Óhafin framlög
Æðsta stjórn ríkisins	1.058	1.100	(42)	(3,8)	32	(74)
Forsætisráðuneyti	457	478	(21)	(4,4)	24	(45)
Menntamálaráðuneyti	11.315	11.482	(167)	(1,5)	437	(604)
Utanríkisráðuneyti	1.693	1.765	(73)	(4,1)	80	(153)
Landbúnaðarráðuneyti	5.360	5.279	81	1,5	119	(38)
Sjávarútvegsráðuneyti	823	871	(48)	(5,5)	10	(58)
Dóms- og kirkjum.rn.	4.645	4.780	(135)	(2,8)	99	(234)
Félagsmálaráðuneyti	6.818	6.978	(160)	(2,3)	256	(416)
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	40.241	39.227	1.014	2,6	1.220	(206)
Fjármálaráðuneyti	17.410	14.194	3.217	22,7	3.685	(468)
Samgönguráðuneyti	6.892	7.313	(421)	(5,8)	80	(501)
Iðnaðarráðuneyti	792	915	(123)	(13,4)	19	(142)
Viðskiptaráðuneyti	243	173	70	40,2	72	(2)
Hagstofa Íslands	114	114	(1)	(0,7)	0	(1)
Umhverfisráðuneyti	791	783	9	1,1	98	(89)
	98.651	95.451	3.200	3,4	6.232	(3.032)

Umframgreiðslur stofnana námu í heild sinni 6,2 milljörðum króna. Skýringin liggur að langstærstu leyti hjá fjármálaráðuneyti í tengslum við ákvörðun fjármálaráðherra um sérstaka innlausn spariskírteina, en hún ein og sér olli um 3,5 milljarða króna umframgreiðslum. Aðrar greiðslur umfram fjárheimildir koma einkum fram hjá tveimur ráðuneytum, þ.e. heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti ásamt menntamálaráðuneyti eins og sjá má í ofangreindri töflu.

Ógreidd framlög, þ.e. útgjaldaheimildir sem ekki höfðu verið nýttar í lok september sl., námu alls 3,0 milljörðum króna og voru einkum hjá fjórum

ráðuneytum þ.e. menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Mynd 1 Frávik einstakra ráðuneyta frá fjárheimildum jan. - sept. 1997 án áhrifa af sérstakri innláusn spariskírteina




Hér á eftir er gerð grein fyrir frávikum í greiðslum einstakra stofnana og fjárlagaliða frá áætlun fyrir fyrstu níu mánuði ársins.

Æðsta stjórn ríkisins


Fjárheimild ársins 1997 nemur 1.440 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 1.057 milljónir verið greiddar í lok september eða 73,5%. Á sama tíma í fyrra höfðu verið greidd 83,7% af fjárheimild ársins. Eins og sést á mynd 2 hér að neðan voru greiðslur vegna æðstu stjórnar ríkisins innan við áætlanir fyrstu níu mánuði ársins ef frá er talinn janúarmánuður. Í lok september voru greiðslur alls um 47,6 milljónir króna innan greiðslu-áætlunar eða sem nemur 4,3%.

Mynd 2 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að æðsta stjórn ríkisins var undir áætlun felst í því að greiðslur af fjárlagaliðnum „00-510 Bessastaðir“ voru 44,6 milljónum króna lægri en ráð hafði verið fyrir gert.


Mynd 3 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Forsætisráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 621 milljón króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 457 milljónir verið greiddar í lok september eða 73,5%. Á sama tíma í fyrra höfðu 80,3% af fjárheimild ársins verið greidd. Forsætisráðuneytið var innan greiðsluáætlana alla fyrstu níu mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 4. Í lok september var ráðuneytið 29 milljónum króna innan áætlunar eða sem nemur 5,9%.

Mynd 4 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Greiðslur vegna embættis Húsameistara ríkisins voru um 16,7 milljónum króna lægri en áætlun sagði til um. Þá voru greiðslur vegna fasteigna forsætisráðuneytisins um 10,9 milljónum króna lægri en ráð var fyrir gert.


Mynd 5 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Menntamálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 15,4 milljörðum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 11,3 milljarðar verið greiddir í lok september eða 73,5%. Á sama tíma í fyrra höfðu 74,4% af fjárheimild ársins verið greidd. Greiðslur vegna menntamálaráðuneytisins voru innan áætlana fyrstu níu mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 6. Í lok september var ráðuneytið tæpar 229 milljónir króna innan áætlana eða sem nemur 2,0%.

Mynd 6 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að menntamálaráðuneytið var innan áætlana er að framlög af liðnum „02-969 Menningarstofnanir – viðhalds- og stofnkostnaður“ voru um 125 milljónum króna lægri en ráðgert var. Þá var Lánasjóður íslenskra námsmanna um 101 milljón króna undir fjárheimildum fyrstu níu mánuði ársins og fjárlagaliðurinn „02-985 Alþjóðleg samskipti“ var tæpum 87 milljónum króna undir heimildum. Á hinn bóginn hafði Háskóli Íslands greitt um 109 milljónum króna meira en áætlun sagði til um.


Mynd 7 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Utanríkisráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 2.279 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 1.693 milljón verið greidd í lok september eða 74,3%. Á sama tíma í fyrra höfðu 74,3% af fjárheimild ársins verið greidd. Utanríkisráðuneytið var innan greiðsluáætlunar fyrstu níu mánuði ársins eins og sést á mynd 8. Í lok september var ráðuneytið rúmar 76 milljónir króna undir áætlunum eða sem nemur 4,3%.

Mynd 8 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringuna á því að utanríkisráðuneytið var undir áætlun er að leita í tveimur fjárlagaliðum ráðuneytisins, þ.e. „03-401 Alþjóðastofnanir“ og „03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi“. Greiðslur af fyrri liðnum voru rúmum 50 milljónum króna minni en ráðgert var og greiðslur af síðari liðnum rúmum 42 milljónum minni.


Mynd 9 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Landbúnaðarráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 6.849 milljónir króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 5.360 milljónir verið greiddar í lok september eða 78,3%. Á sama tíma í fyrra höfðu 81,7% af fjárheimild ársins verið greidd. Í lok september var ráðuneytið rúmum 77 milljónum króna yfir áætlun eða sem nemur 1,5%.

Mynd 10 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur landbúnaðarráðuneytisins má aðallega rekja til þriggja fjárlagaliða, þ.e. Yfirdýralæknis sem var um 28 milljónum króna yfir áætlun, „04-851 Greiðslur vegna riðuveiki“ sem voru tæpum 27 milljónum króna yfir áætlun og „04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu“, en þar nam frávikið um 18 milljónum.


Mynd 11 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Sjávarútvegsráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 1.298 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 823 milljónir verið greiddar í lok september eða 63,4%. Á sama tíma í fyrra höfðu 68,5% af fjárheimild ársins verið greidd. Sjávarútvegsráðuneytið var innan greiðsluáætlana allt tímabilið eins og fram kemur á mynd 12. Í lok september var ráðuneytið rúmar 52 milljónir króna innan áætlana eða sem nemur um 6,0%.

Mynd 12 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Hjá sjávarútvegsráðuneyti voru þrjú fjárlagaliðir nokkuð undir greiðsluáætlunum, þ.e. „Ýmis verkefni“, Hafrannsóknarstofnun og „Bygging rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins“. Samtals nam upphæð þessa um 39 milljónum króna. Þá voru ýmsir aðrir fjárlagaliðir ráðuneytisins undir áætlunum. Á hinn bóginn var Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins um 10 milljónum króna yfir áætlunum.


Mynd 13 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Dóms- og kirkjumálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 6.567 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 4.645 milljónir verið greiddar í lok september eða 70,7%. Á sama tíma í fyrra höfðu 72,3% af fjárheimild ársins verið greidd. Dómsmálaráðuneytið var innan greiðsluáætlana allt árið ef frá er talinn janúarmánuður eins og fram kemur á mynd 14. Í lok september var ráðuneytið rúmar 178 milljónir króna innan áætlana eða sem nemur 3,7%.

Mynd 14 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Frávikið kemur fram á all nokkrum fjárlagaliðum ráðuneytisins. Þá helstu í því sambandi má nefna „06-591 Fangelsisbyggingar“ sem var tæpum 34 milljónum króna undir áætlun, Umferðarráð sem var 19 milljónir undir áætlun og Landhelgigæslu Íslands, en greiðslur stofnunarinnar voru um 17 milljónum króna lægri en ráðgert var. Þá var m.a. fjárlagaliðurinn „06-397 Schengen samstarf“ rúmm 16 milljónum króna undir áætlun og greiðslur Ríkislögreglustjóra voru 15 milljónum króna lægri en áætlun sagði til um.


Mynd 15 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Félagsmálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 9.471 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 6.818 milljónir verið greiddar í lok september eða 72,0%. Á sama tíma í fyrra höfðu 73,7% af fjárheimild ársins verið greidd. Félagsmálaráðuneytið var innan greiðsluáætlunar alla fyrstu níu mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 16. Í lok september var ráðuneytið rúmmar 167 milljónum króna innan áætlunar eða sem nemur 2,4%.

Mynd 16 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Af einstökum liðum má nefna að tilfærslur til Framkvæmdasjóðs fatlaðra voru um 71 milljón króna lægri en ráðgert var, tilfærslur til Ábyrgðarsjóðs launa voru um 59 milljónum króna lægri og greiðslur af liðnum „07-811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga“ voru um 50 milljónum króna lægri en áætlun sagði til um.


Mynd 17 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 52,8 milljörðum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 40,2 milljarður verið greiddur í lok september eða 76,2%. Á sama tíma í fyrra höfðu 75,8% af fjárheimild ársins verið greidd. Ráðuneytið fór fram úr áætlunum alla mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 18. Í lok september var ráðuneytið rúmar 984 milljónir króna yfir áætlunum eða sem nemur 2,5%.

Mynd 18 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins áttu sér aðallega stað í almannatryggingakerfinu eins og mörg undanfarin ár. Þannig voru greiðslur vegna sjúkra-, lífeyris- og slysatrygginga um 969 milljónum króna meiri en áætlun sagði til um.


Mynd 19 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Fjármálaráðuneyti

Fjárheimild ársins 1997 nemur 19,0 milljörðum króna. Greiðslur voru hins vegar orðnar 17,4 milljarðar króna í lok september. Ráðuneytið hefur verið verulega umfram greiðsluáætlun alla mánuði ársins ef frá er talin febrúar eins og fram kemur á mynd 20. Í lok september hafði ráðuneytið farið rúma 3,2 milljörða króna fram úr fjárheimildum eða sem nemur 22,6%.


Mynd 20 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Skýringin á umframgreiðslum ráðuneytisins felst aðallega í sérstakri innlausn spariskírteina eins og áður hefur verið vikið að í þessari skýrslu. Fjárhæð þess nam um 3,5 milljörðum króna. Á hinn bóginn voru m.a. greiðslur af fjárlagalagaliðnum „09-971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur“ um

154 milljónum króna lægri en ráðgert var og greiðslur af liðnum „09-999 Ýmis verkefni“ voru um 97 milljónum króna lægri.


Mynd 21 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr. (án vaxtagreiðslna)



Samgönguráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 8.818 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 6.892 milljónir verið greiddar í lok september eða 78,2%. Á sama tíma í fyrra höfðu 85,6% af fjárheimildum ársins verið greidd. Ráðuneytið var innan áætlunar fyrstu níu mánuði ársins að undanskyldum janúar og febrúar eins og fram kemur á mynd 22. Í lok september var ráðuneytið 427 milljónum króna undir áætlunum eða sem svarar til 5,8%.

Mynd 22 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Ástæða þess að ráðuneytið var undir áætlunum felst að langstærstum hluta í því að greiðslur Vegagerðarinnar voru um 362 milljónum króna lægri en ráð var fyrir gert.


Mynd 23 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Iðnaðarráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 1.206 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 792 milljónir verið greidd í lok september eða 65,7%. Á sama tíma í fyrra höfðu 66,5% af fjárheimildum ársins verið greidd. Ráðuneytið var innan greiðsluáætlunar alla fyrstu níu mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 24. Í lok september var ráðuneytið rúmar 125 milljón króna innan áætlunar eða sem svarar 13,7%.

Mynd 24 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Tilfærslur af fjárlagaliðnum „11-399 Orkumál“ voru tæpum 65 milljónum króna lægri en áætlun sagði til um. Þá var m.a. fjárlagaliðurinn „11-299 Iðja og Iðnaður, framlög“ um 44 milljónum króna undir áætlun.


Mynd 25 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Viðskiptaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 249 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 243 milljónir verið greiddar í lok september eða 97,3%. Á sama tíma í fyrra höfðu 79,3% af fjárheimild ársins verið greidd. Ráðuneytið var umfram greiðsluáætlanir fyrstu níu mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 26. Í lok september hafði ráðuneytið greitt rúmar 69 milljónir króna umfram áætlanir eða sem svarar til 39,9%.

Mynd 26 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umframgreiðslur viðskiptaráðuneytisins komu aðallega fram á tveimur fjárlagiðum, þ.e. hjá aðalskrifstofu þar sem greitt var 21 milljón króna meira en áætlað hafði verið og hjá Löggildingarstofunni, en þar voru greiðslur tæpum 45 milljónum króna meiri en áætlun sagði til.


Mynd 27 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Hagstofa Íslands

Fjárheimild ársins 1997 nemur 159 milljón króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 114 milljónir verið greiddar í lok september eða 71,6%. Á sama tíma í fyrra höfðu 66,5% af fjárheimild ársins verið greidd. Hagstofan var innan greiðsluáætlunar fyrstu níu mánuði ársins ef frá er talinn janúar og júní eins og fram kemur á mynd 28. Í lok september voru greiðslur vegna Hagstofunnar um 1 milljón króna undir áætlun eða sem nemur 0,9%.


Mynd 28 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Umhverfisráðuneyti


Fjárheimild ársins 1997 nemur 1.024 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 791 milljón verið greiddar í lok september eða 77,3%. Á sama tíma í fyrra höfðu 74,8% af fjárheimild ársins verið greidd. Greiðslur vegna ráðuneytisins voru umfram áætlanir alla fyrstu mánuði ársins, ef undan er skilinn apríl, eins og fram kemur á mynd 29. Í lok september var ráðuneytið tæpum 5 milljónum króna umfram áætlun eða sem svarar til 0,6%.

Mynd 29 Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Styrkir til fráveitna sveitarfélaga voru tæpum 50 milljónum króna undir áætlun fyrstu níu mánuði ársins. Á hinn bóginn var Náttúrufræðistofnun Íslands um 23 milljónum króna yfir áætlun og sambærileg umframútgjöld áttu sér stað hjá Veðurstofunni. Þá námu útgjöld vegna Spilliefnanefndar tæpum 19 milljónum króna, en ekki var gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum.

Mynd 30 Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Samanburður við fyrra ár

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs námu sem fyrr segir 98,7 milljörðum króna frá ársbyrjun til loka septembermánaðar. Er það tæpum 9,8 milljörðum króna eða 9,0% minni gjöld en á sama tímabili fyrra árs. Að raungildi lækkuðu gjöld um 11,3%. Í neðangreindri töflu ber að líta tegundasundurliðun gjalda.

Tafla 8. Útgjöld ríkissjóðs eftir tegundum í samanburði við fyrra ár

	Útkoma 1997	Útkoma 1996	Breyt.	Framr. 1996	Breyt	%
Laun	21.038	23.693	(2.655)	24.574	(3.536)	(14,4)
Rekstur	22.619	21.954	665	22.340	279	1,2
Tilfærslur	17.132	17.318	(186)	17.622	(490)	(2,8)
Almannatryggingar	22.425	22.126	299	23.134	(709)	(3,1)
Vaxtagjöld	14.261	22.340	(8.079)	22.494	(8.233)	(36,6)
Eignakaup	1.176	995	181	1.012	164	16,2
	98.651	108.426	(9.775)	111.176	(12.525)	(11,3)

Helstu breytingar í einstökum gjaldaliðum milli ára voru sem hér segir:

- Launaútgjöld drógust saman um 3,5 milljarða króna að raungildi eða sem nemur 14,4%. Sé hins vegar tekið tillit til áhrifa af flutningi á rekstri grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga hafa launaútgjöld aukist um tæpar 100 milljónir króna eða sem nemur 0,4%.
- Almenn rekstrarútgjöld án launakostnaðar jukust um 279 milljónir króna á föstu verðlagi eða sem nemur 1,2%.
- Tilfærslur lækkuðu að raungildi um 490 milljónir króna eða sem nemur 2,8%. Mesta breytingin í þessu sambandi felst í því að greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu lækkuðu um rúmar 600 milljónir króna að raungildi. Þá lækkuðu m.a. framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 177 milljónir króna og framlög Framkvæmdasjóðs fatlaðra lækkuðu um 113 milljónir. Á hinn bóginn urðu tilfærslur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna um 339 milljónum króna hærra að raungildi á fyrstu níu mánuðum þessa árs m.v. sama tímabil í fyrra. Þá jukust m.a. framlög til framkvæmdasjóðs aldraðra um 205 milljónir króna á föstu verðlagi.
- Útgjöld almannatryggingakerfisins drógust saman um rúmar 700 milljónir króna að raungildi eða sem nemur 3,1%. Skiptist sú breyting þannig að greiðslur lífeyristrygginga lækkuðu um 152 milljónir króna á föstu verðlagi, greiðslur sjúkratrygginga lækkuðu um 530 milljónir og slysatryggingar voru um 27 milljónum króna lægri en á fyrstu níu mánuðum ársins 1996. Við aðra umræðu fjárlaga voru 970 milljónir króna færðar af fjárheimild sjúkratrygginga á nýjan lið „verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva“ vegna tilgreindra kostnaðarliða sem sjúkrahúsin fengu áður endurgreidda hjá Tryggingastofnun ríkisins. Fyrstu níu mánuði ársins var búið að ráðstafa um 800 milljónum króna af þessum lið. Ef leiðrétt er fyrir áhrifum þessa hafa útgjöld almannatrygginga staðið því sem næst í stað að raungildi milli tímabila.
- Vaxtagjöld lækkuðu um 8,2 milljarða króna að raungildi. Meginskýringin á þessari lækkun felst í því að á árinu 1996 voru innleyst spariskírteini, sem voru með uppsagnarákvæðum, og nam vaxtaþáttur þessa um 10,1 milljarði króna. Á fyrstu níu mánuðum þessar árs voru innleyst spariskírteini á sömu forsendum að fjárhæð 7,0 milljarðar króna, en þ.a. voru vextir um 3,5 milljarðar króna. Önnur innlend vaxtagjöld voru rúmum 1,0 milljarði króna lægri að raungildi

en á sama tíma 1996 og vextir af erlendum lánum lækkuðu um rúmar 400 milljónir.

- Að lokum jukust eignakaup um 164 milljónir króna að raungildi.

Útgjöld ráðuneyta breyttust með eftirfarandi hætti á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tímabil fyrra árs. Rétt er að taka fram að vegnar verðlagsbreytingar ríkisútgjalda námu um 2,6% milli tímabilanna janúar – september 1996 og 1997.

Tafla 9. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár

	Greitt 1997	Greitt 1996	Frávik	%
Æðsta stjórn ríkisins	1.058	1.125	(68)	(6,0)
Forsætisráðuneyti	457	480	(24)	(5,0)
Menntamálaráðuneyti	11.315	14.600	(3.285)	(22,5)
Utánríkisráðuneyti	1.693	1.571	121	7,7
Landbúnaðarráðuneyti	5.360	5.768	(408)	(7,1)
Sjávarútvegsráðuneyti	823	873	(50)	(5,8)
Dóms- og kirkjum.rn.	4.645	4.530	115	2,5
Félagsmálaráðuneyti	6.818	6.816	2	0,0
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	40.241	38.135	2.106	5,5
Fjármálaráðuneyti	17.410	25.628	(8.217)	(32,1)
Samgönguráðuneyti	6.892	7.128	(236)	(3,3)
Iðnaðarráðuneyti	792	781	11	1,4
Viðskiptaráðuneyti	243	156	87	55,5
Hagstofa Íslands	114	109	5	4,8
Umhverfissráðuneyti	791	723	68	9,4
	<u>98.651</u>	<u>108.425</u>	<u>(9.774)</u>	<u>(9,0)</u>

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins lækkuðu um 68 milljónir króna eða sem nemur 6,0%. Meginskýringin á þessu felst í því að á árinu 1996 áttu sér stað greiðslur að fjárhæð um 74 milljónir króna vegna nýrrar skrifstofu forseta Íslands að Sóleyjargötu 1.

Útgjöld forsætisráðuneytis lækkuðu um 24 milljónir króna eða um 5,0%. Framlög til Byggðastofnunar lækkuðu um 62 milljónir króna og útgjöld vegna Húsameistara ríkisins lækkuðu um 32 milljónir vegna niðurlagningar embættisins um síðustu áramót. Á hinn bóginn jukust útgjöld á liðnum „01-190 Ýmis verkefni“ um 27 milljónir króna. Þá kemur inn nýr fjárlagaliður „01-201 Fasteignir forsætisráðuneytisins“, en af honum hafði verið ráðstafað um 34 milljónum króna til septemberloka 1997. Af þeirri fjárhæð voru um 26 milljónir króna vegna framkvæmda við Stjórnarráðshús.

Útgjöld menntamálaráðuneytis lækkuðu um tæpa 3,3 milljarða króna eða sem nemur 22,5%. Þessi lækkun skýrist nær alfarið af flutningi á rekstri grunnskólans yfir til sveitarfélaganna.

Útgjöld utanríkisráðuneytis jukust um 121 milljón króna eða sem nemur 7,7%. Greiðslur vegna þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi jukust um 127 milljónir króna. Þá voru um 60 milljónir króna greiddar vegna breytinga í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Á hinn bóginn lækkuðu m.a. útgjöld Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli um 25 milljónir króna og greiðslur af liðnum „03-401 Alþjóðastofnanir“ lækkuðu um tæpar 45 milljónir.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis lækkuðu um 408 milljónir króna eða sem nemur 7,1%. Meginskýringin á því felst í minni greiðslum vegna sauðfjárframleiðslu eins og áður hefur verið vikið að.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis lækkuðu um 50 milljónir króna eða 5,8%. Lækkunin kemur nær alfarið fram hjá Fiskistofu, en á fyrri hluta ársins 1996 greiddi ríkissjóður kostnað af veiðieftirliti á Flæmingjagrunni.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis jukust um 115 milljónir króna eða 2,5%. Greiðslur embættis lögreglustjórans í Reykjavík jukust um 91 milljón króna m.a. vegna skipulagsbreytinga í tengslum við lögreglumál og fíkniefnamál. Þá jukust greiðslur sýslumannsembætta samanlagt um 74 milljónir króna. Að lokum áttu sér m.a. stað um 34 milljóna króna greiðslur vegna nýs embættis ríkislögreglustjóra og greiðslur vegna neyðarsímsvörunar jukust um tæpar 20 milljónir króna vegna yfirtöku ríkissjóðs á kostnaði sveitarfélaganna af þessu viðfangsefni. Á hinn bóginn urðu greiðslur vegna húsnæðis Hæstaréttar verulega lægri en á árinu 1996.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis stóðu því sem næst í stað milli tímabila. Nokkrar breytingar urðu þó hjá einstökum fjárlagaliðum ráðuneytisins. Þannig jukust tilfærslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 371 milljón krónur m.a. vegna sérstaks framlags í tengslum við grunnskólabyggingar. Þá jukust greiðslur vegna málefna fatlaðra um samtals 182 milljónir króna. Á hinn bóginn lækkuðu framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 222 milljónir króna, framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkuðu um 135 milljónir króna og framlög til Byggingasjóðs verkamanna lækkuðu um 65 milljónir. Að lokum minnkuðu útgjöld vegna fjárlagaliðarins „07-981 Vinnumál“ um tæpar 58 milljónir króna vegna tilflutnings á fjármögnun verkefna yfir til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis jukust um rúman 2,1 milljarð króna eða sem nemur 5,5%. Greiðslur vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga jukust alls um tæpar 300 milljónir króna. Þá jukust greiðslur vegna sjúkrahúsa um tæpa 1,2 milljarða króna, en þar af voru um 483 milljónir króna vegna Ríkisspítala, um 409 milljónir króna vegna Sjúkrahúss Reykjavíkur og 114 milljónir vegna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Að lokum jukust m.a. tilfærslur til Framkvæmdasjóðs aldraðra um um 208 milljónir króna og greiðslur heilsugæslustöðva voru um 165 milljónum króna hærrí en á fyrstu níu mánuðum ársins 1996.

Útgjöld fjármálaráðuneytis lækkuðu um 8,2 milljarða króna. Um 6,6 milljarða króna af þessari fjárhæð má rekja til áhrifa af sérstökum innlausnum á spariskírteinum ríkissjóðs á árunum 1996 og 1997 eins og áður hefur verið rakið í þessari skýrslu. Þá ber að nefna að önnur innlend vaxtagjöld lækkuðu um tæpar 970 milljónir króna og erlend vaxtagjöld lækkuðu um rúmar 500 milljónir króna.

Útgjöld samgönguráðuneytis drógust saman um 236 milljónir króna eða um 3,3%. Meginskýring þessa felst í því að greiðslur Flugmálastjórnar lækkuðu um 162 milljónir króna.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis jukust um 11 milljónir króna eða um 1,4%. Greiðslur af liðnum „11-299 Iðja og iðnaður, framlög“ jukust um 28 milljónir króna og greiðslur Orkusjóðs jukust um 15 milljónir. Þá jukust m.a. greiðslur Orkustofnunar um 6 milljónir króna. Á hinn lækkuðu greiðslur ráðuneytisins um 44 milljónir króna þar sem Rafmagnseftirlit ríkisins hefur verið sameinað Löggildingarstofunni sem heyrir undir viðskiptaráðuneyti.

Útgjöld viðskiptaráðuneytis jukust um 87 milljónir eða 55,5%. Þessa aukningu má að nær öllu leyti rekja til Löggildingarstofunnar m.a. í tengslum við sameiningu hennar og Rafmagnseftirlits ríkisins eins og greint var frá hér að framan.

Útgjöld Hagstofu Íslands jukust um 5 milljónir króna eða um 4,8%.

Útgjöld umhverfisráðuneytis jukust um 68 milljónir króna eða um 9,4%. Greiðslur Veðurstofunnar jukust um 26 milljónir króna og greiðslur Náttúrufræðistofnunar Íslands jukust um 23 milljónir. Þá kom inn nýr fjárlagaliður „14-282 Spilliefnanefnd“, en greiðslur af honum námu tæpum 19 milljónum króna.

Framkvæmd lánsfjárlaga

Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1997 er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka að láni allt að 12,5 milljarða króna. Samkvæmt 6. gr. skulu lántökur fara fram innanlands eða erlendis. Af heildarlántökum er fjármálaráðherra heimilt skv. 3. gr. að endurlána tæpa 6,0 milljarða króna.

Í lok september 1997 nam lánsfjárförf ríkissjóðs 27,1 milljarði króna. Í áætlun að baki fjárlögum var samsvarandi fjárförf áætluð um 22,5 milljarðar króna eða um 4,6 milljörðum króna minni. Eins og sjá má í neðangreindri töflu eru það fyrst og fremst greiddar afborganir af lánum ásamt viðskiptareikningum sem valda því að fjárförf er meiri en gert var ráð fyrir. Eins og áður hefur verið vikið að námu afborganir vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina um 3,5 milljörðum króna. Þá eru um 1,5 milljarðar króna vegna óuppgerðra víxla sem gengið var frá í októbermánuði.

Tafla 10. Lánsfjárförf ríkissjóðs í samanburði við fjárlög

	Útkoma	Áætlun	Frávik f. áætl.	Fjárlög 1997	Útkoma 1996
Gjöld umfram tekjur	6.258	6.769	(511)	(124)	17.579
Stofnfjárramlög og hlutafé, nettó	60	193	(133)	400	206
Viðskiptareikningar, nettó	4.133	2.354	1.779	400	4.379
Greiddar afborganir lána	16.672	13.229	3.443	14.240	26.602
Lánsfjárförf A-hluta	27.123	22.545	4.578	14.916	48.766
Lánveitingar	7.567	7.333	234	5.990	6.252
Innheimtar afborganir	7.041	7.096	(55)	8.460	6.751
Veitt lán nettó	526	237	289	(2.470)	(499)
Heildarlánsfjárförf A-hluta	27.649	22.782	4.867	12.446	48.267

Í lok september hafði ríkissjóður tekið að láni um 29,0 milljarða króna eða um 16,5 milljörðum króna meira en lánsfjárlög kveða á um fyrir allt árið. Um 7,0 milljarður króna af framangreindri fjárhæð er þó í reynd

skuldbreyting. Að teknu tilliti til þessa voru lántökur á fyrstu níu mánuðum ársins um 9,5 milljörðum króna umfram það sem lánsfjárlög heimila fyrir allt árið.

Búið var að veita alls um 5,8 milljörðum króna í nýjar lánveitingar hjá endurlánnum ríkissjóðs í lok september. Af þeirri fjárhæð voru um 5,4 milljarðar króna vegna lánveitinga í tengslum við 3. gr. lánsfjárlaga.

Tafla 11. Endurlán ríkissjóðs á grundvelli 3. gr. lánsfjárlaga

Í m.kr.	Heimild	Afgreitt	Mism.	Nýting
Lánasjóður ísl. námsmanna	3.800	3.700	(100)	97,3%
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	130	0	(130)	0,0%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	1.420	1.608	188	113,2%
Alþjóðaflugþjónustan	100	100	0	100,0%
Bæjarveitur Vestmannaeyja	33	0	(33)	0,0%
Iðnaðarsvæði á Grundartanga	500	0	(500)	0,0%
	5.983	5.408	(575)	90,3%

Frumvarp til fjárukalaga

Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 1997 gerir ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs aukist á árinu um 4,7 milljarða króna. Þá er frumvarpinu lagt til að veita fjármálaráðherra gjaldaheimildir til viðbótar við fjárlög 1997 að fjárhæð 6,9 milljarðar króna. Þannig er reiknað með að ef allar gjaldaheimildir fjárlaga og frumvarps til fjárukalaga 1997 yrðu nýttar myndi tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verða 2,2 milljarðar króna. Fjármálaráðherra gerir hins vegar ráð fyrir að 1,1 milljarður króna af gjaldaheimildum í árslok 1997 verði ekki nýttur í ár heldur fluttur til næsta árs eða felldur niður og er það lækkun frá fyrra ári um 800 milljónir króna. Að þessu gefnu er samkvæmt fjárukalagafrumvarpinu gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 1,1 milljarður króna sem er 1,2 milljörðum króna verri afkoma en fjárlög ársins 1997 gerðu ráð fyrir.

Tafla 12. Áætlun um afkomu A-hluta ríkissjóðs 1997

Fjárh. í milljörðum kr.	Fjárlög 1997	Flutn. frumvarp f.f. ári fjárukal	Samt.	Flutt til 1998	Áætluð útkoma	Fjárlög útkoma
Tekjur	126,2	4,7	130,9		130,9	4,7
Gjöld	(126,1)	(1,1)	(133,1)	(1,1)	(132,0)	(4,8)
Tekjur umfram gjöld	0,1	(1,1)	(1,2)	(1,1)	(1,1)	(0,1)
Lánveiting nettó	2,5	(3,5)	(1,0)		(1,0)	(3,5)
Hluta- og stofnframl.	(0,4)	0,0	(0,4)		(0,4)	0,0
Viðskiptareikningar	(0,4)	0,0	(0,4)		(0,4)	0,0
Afborgun lána	(14,2)	(4,6)	(18,8)		(18,8)	(4,6)
Heildarlánsfjárbörf	(12,4)	(1,1)	(9,3)	(1,1)	(21,7)	(8,2)
Lántökur	12,5	1,1	9,3	1,1	21,8	9,3

Í frumvarpi til fjárukalaga er óskað eftir lántökuheimild að fjárhæð 9,4 milljarðar króna til viðbótar við lántökuheimildir fjárlaga 1997. Í fjárlögum voru heimilaðar lántökur að fjárhæð 12,5 milljarðar króna vegna A-hluta ríkissjóðs og er því aukning á lántökum 75,0% á árinu. Auknar lántökur komu til vegna þriggja þátta. Í fyrsta lagi er að aukinn tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs kallar á auknar lántökur að fjárhæð 1,2 milljarða króna. Í öðru lagi aukast afborganir tekinna lána um 4,6

milljarða króna, einkum vegna innlausnar spariskírteina og í þriðja lagi vegna veittra lána m.a. til Húsnæðisstofnunar ríkisins að fjárhæð 3,5 milljarðar króna.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til loka júní 1997 sem var birt í júlímánuði sl. voru afkomuhorfur ríkissjóðs í árslok 1997 metnar. Í þeirri skýrslu var gert ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði um 19,5 milljarðar króna en nú gerir fjármálaráðherra ráð fyrir að hún nemi 21,8 milljörðum króna. Frávikin milli áætlunar skýrist einkum af því að fjárukalagafrumvarpið gerir ráð fyrir veittu láni til Húsnæðisstofnunar ríkisins að fjárhæð 3,5 milljörðum króna og að tekjuhallinn verði rúmlega 1,0 milljarði króna minni en áætlun Ríkisendurskoðunar frá því í júlímánuði sl. gerði ráð fyrir.